

Nd.

571. Breytingartillögur

[186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG, EmJ).

1. Við 3. gr. b.-liður orðist svo:

Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssild 55%.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum samkv. 1. gr. laga nr. 66 1957 skal innheimt með 65% álagi. Álag þetta renni til Fiskveiðasjóðs Íslands að $\frac{1}{3}$ hlutum, til Fiskimálasjóðs að $\frac{1}{3}$ hluta og að $\frac{1}{3}$ hluta til haf- og fiskirannsóknaskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands.